

Bólusetning gegn kórónaveiru

– Spikevax (Moderna)

Upplýsingar fyrir þig sem fengið hefur tilboð um þetta bóluefni

Nýja kórónaveiran veldur öndunarferasjúkdómi. Algengt er að einkennin séu engin eða væg en sumir verða alvarlega veikir. Hættan á því að veikjast alvarlega eða jafnvel að deyja er mest hjá eldri borgurum og fólki með undirliggjandi sjúkdóma. Bóluefnið gegn kórónaveirunni hindrar kórónaveirusmit. Lykilmarkmiðið er að vernda líf og heilsu fólks.

Hverjir ættu að láta bólusetja sig gegn kórónaveirunni?

Allir sem dveljast í Noregi fá tilboð um bólusetningu í norsku þjóðaráætluninni um bólusetningar. Bólusetningin er ókeypis og að vali hvers og eins.

Hvar get ég fengið bólusetningu?

Upplýsingar um hverjum verður boðin bólusetning, hvernig hún verður framkvæmd og hvenær það gerist má finna á vefsetri sveitarfélagsins.

Þannig fer bólusetning fram

Bólusetting er í upphandleggsvöðva. Áður en bólusetting er færðu spurningu hvort þú sért heil/ heilsu og hvort þú hafi sýnt viðbrögð við fyrri bólusetningum. Mundu að láta vita ef þú hefur fengið kórónusjúkdóm eða kórónubólusetningu áður, ert með barni, ert með ofnæmi, tekur lyf eða glímir við önnur heilbrigðisvandamál. Farðu eftir leiðbeiningum um fjölda skammta og biðtíma á milli þeirra sem eiga við um þinn hóp. Starfsfólk á staðnum þar sem bólusetting er aðstoðar þig við þetta. Mikilvægt er að fá skammtana á tilsettum tíma. Algengt er að fresta bólusetningu við bráðasjúkdóm og þegar fólk er með meira en 38 stiga hita. Að bólusetningu lokinni verður þú beðin/n um að bíða á bólusetningarstað í að lágmarki 20 mínútur.

Hvernig virkar þetta bóluefni?

Bóluefnið inniheldur uppskriftina (RNA-boðefni) að göddunum sem einkenna kórónaveiruna. Það fær líkamann til að búa til hættulaus afrit af göddunum sem ónæmiskerfið getur þjálfað sig á. Þannig lærir líkaminn að þekkja og verjast alvöru kórónaveiru ef hann smitast síðar. RNA-boðefni bóluefnisins brotnar hratt niður í líkamanum án þess að hafa áhrif á erfðaeefni hans.

Bóluefnið inniheldur engar lifandi veirur og færir líkamanum ekki kórónasýkingu. Kórónubóluefnið hefur fyrirbyggjandi verkun. Það læknar þig ekki ef þú hefur þegar sýkst af kórónaveirunni.

Bóluefni af þessu tagi hefur ekki áður verið búið til gegn smitsjúkdómum í mönnum en tæknin er vel þekkt og er notuð til meðferðar gegn krabbameini.

Hve vel virkar bóluefnið?

Bóluefnið veitir vernd gegn sjúkdómi sem nýja kórónuveiran veldur. Vernd gegn *alvarlegum* veikindum er mikil, bæði eftir fyrsta og annan skammt. Nauðsynlegt er að fá tvo skammta til þess að fá góða vernd gegn því að *smitast* af kórónaveirunni. Enn er ekki vitað hve lengi verndin dugar. Ef virknin minnkar með tímanum gæti reynst nauðsynlegt að gefa nýja skammta til endurnýjunar. Bóluefnið veitir ekki fullkomna vernd gegn dreifingu smits. Þess vegna er mikilvægt að fara áfram eftir gildandi ráðum um vernd gegn smiti.

Aukaverkanir

Langflestar aukaverkanir koma fram fyrstu dagana eftir bólusetningu. Kórónabóluefnið hefur fleiri algengar aukaverkanir en við eigum að venjast af öðrum bóluefnum. Algengast er að aukaverkanir séu mildar eða í meðallagi og hverfi eftir fáeina daga en sumir fá sterkari einkenni. Aukaverkanir eru oft heldur sterkari í hópi yngri en eldri.

Flestir sem bólusettir eru fá eymsli og þrota á stungustað. Aðrar algengar aukaverkanir eru þreyta, höfuðverkur, vöðva- og liðverkir, kuldaþrollur, ógleði/uppköst, bólgnir og aumir eitlar í handarkrika og sóttthiti. Þessar aukaverkanir eru algengari eftir 2. skammt.

Alvarlegar aukaverkanir eru sjaldgæfar. Sem dæmi um sjaldgæfar aukaverkanir má nefna hjartavöðvabólgu (myocarditis) og gollurhússbólgu (pericarditis). Vandinn kemur að jafnaði fram eftir 2. skammt og oftast hjá ungmönnum og ungu fullorðnu fólki. Hægt er að veita meðferð við sjaldgæfum aukaverkunum á borð við alvarleg ofnæmisviðbrögð og hjartabólgu ef þær koma fram. Við getum ekki útilokað áður óþekktar sjaldgæfar aukaverkanir eða aukaverkanir sem ekki koma fram fyrr en löngu eftir bólusetningu.

Hvað geri ég ef aukaverkanir koma fram?

Ef þú finnur fyrir óvæntum, sterkum eða langvarandi einkennum ættirðu að leita ráða og fá stöðumat hjá lækni eða öðru starfsfólki heilsugæslunnar. Það á við hvort sem þú heldur að rekja megu vandann til bólusetningarinnar eða annars. Öllu starfsfólki heilsugæslunnar er skylt að tilkynna um alvarleg eða framandi viðbrögð sem það grunar að gætu verið vegna bólusetningar. Þú getur einnig sent tilkynningu á helsenorge.no á eigin vegum.

Skilyrt samþykkt bóluefnis

Bóluefnið gegn kórónaveirunni hefur verið prófað í umfangsmiklum rannsóknum þar sem mörg þúsund manns fengu bólusetningu. Bóluefnið hefur verið rannsakað á sama hátt og önnur bóluefni, nema hvað að eftirfylgnitíminn er styttri. Heilbrigðisyfirvöld Noregs hafa gefið bóluefninu skilyrt samþykki sitt. Það þýðir að fyrir hendi eru fullnægjandi gögn til að meta að gagnsemi bóluefnisins er miklu meira en áhættan, en að framleiðandi bóluefnisins verði að halda rannsóknum áfram og kynna heilbrigðisyfirvöldum jafnóðum þau gögn sem verða til.

Hvaða bólusetningar hef ég fengið?

Þegar þú færð bólusetningu gegn kórónaveirunni er það skráð í SYSVAK, norska landskrá yfir bólusetningar. Upplýsingarnar má finna á helsenorge.no

Viltu vita meira?

Þér er velkomið að spyrja lækni þinn, þau sem bólusettu þig eða annað starfsfólk heilsugæslunnar. Upplýsingar er einnig að finna á vefsetri Folkehelseinstituttet: <https://www.fhi.no/kvp>